

hingað með stefnu, dags. 27. s. m., og krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður, og að hinir stefndu verði, hvernig sem fer, dæmdir til in solidum að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum með 100 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Hinir stefndu, sem að eins hafa lagt formhlið málsins undir dóm, hafa krafizt þess, að málinu verði frá vísað og áfrýjandi dæmdur til að greiða 20 kr. í kost og tæringu, en til vara, að þeim verði veittur 14 daga frestur í aðalefni málsins.

Frávísunarkröfu sína byggja hinir stefndu á því, að undirrjettardómurinn hafi verið kveðinn upp 21. sept. 1893, og þá þegar á eptir birtur áfrýjanda, en yfirrjetarstefna hafi eigi verið gefin út fyr en 27. ágústmán. f. á., og hafi áfrýjunarfrestur þá verið fyrir löngu út runninn. En þar sem það er in confesso, að einmitt þessu *sama* máli hafi áður verið áfrýjað til yfirdómsins, og að því þá var vísað frá rjettinum hinn 20. ágústmán. f. á. fyrir þá skuld, að hinum rjetta sakaraðila var eigi stefnt, er þessi síðari áfrýjun málsins að þessu leyti lögleg, sbr. reskr. 19. desbr. 1749, og gjörir það í þessu efni engan greinarmun, hvort hinum stefndu hafi verið kunnugt um fyrra málskotid eður eigi. Frávísunarkrafa hinna stefndu verður fyrir því ekki tekin til greina, en þeim veitist eptir beiðni þeirra 14 daga frestur til andsvara í aðalefni málsins.

Því úrskurðast:

Hinum stefndu veitist 14 daga frestur til
andsvara í málinu.

Nr. 35/1894:

Sigtús Sveinbjarnarson
gegn
Birni Bjarnarsyni.

Úrskurður:

Mál þetta var í hjeradi höfðað fyrir gestarjetti
Suður-Múlasýslu af Skapta Jósepssyni fyrir hönd
Björns Bjarnarsonar á Krossi gegn Sigfúsi Svein-
bjarnarsyni út af meiðyrðum, og var dómur kveð-
inn upp í því af gestarjettinum hinn 20. sept. 1893
á þá leið, að hin átöldu meiðyrði voru dæmd ó-
merk og að Sigfús Sveinbjarnarson var dæmdur
til að greiða 30 kr. sekt til landssjóðs, en til vara
í 12 daga einfalt fangelsi, svo og til að greiða 50
kr. í málskostnað. Dómi þessum áfrýjaði Sigfús
til yfirdómsins með stefnu 30. jan. f. á., en henni
var frá vísað með dómi rjettarins 20. ágústmán.
f. á. Hann hefur nú aptur skotið málinu hingað
með stefnu, dags. 27. s. m. og gjört þær rjettar-
kröfur, að gestarjettardómurinn verði dæmdur ó-
merkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til
vara, að hann verði algjörlega sýknaður og að
hinn stefndi verði, hvernig sem fer, dæmdur til að
greiða málskostnað fyrir báðum rjettum með 100
kr. eða eptir mati rjettarins. Hinn stefndi Björn
Bjarnarson, sem að eins hefur lagt formhlið máls-